

AUGLÝSING

um gjaldskrá vegna stöðvunarbrota í Kópavogsbæ.

1. gr.

Aukastöðugjald vegna brota á reglum um notkun stöðureita, sbr. 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sbr. f-lið 1. mgr. 109. gr. sömu laga skal vera 4.500 kr.

2. gr.

Stöðvunarbrotagjald vegna annarra stöðvunarbrota, sbr. a–e-lið 1. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, að undanskildum a-lið 2. mgr. 29. gr. sömu laga, sbr. b-lið 1. mgr. 109. gr. sömu laga, skal vera 10.000 kr.

3. gr.

Stöðvunarbrotagjald vegna a-liðar 2. mgr. 29. gr., sbr. b-lið 1. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 (bílastæði fatlaðra) skal vera 20.000 kr.

4. gr.

Frestur til að andmæla stöðvunarbrotagjöldum er 28 dagar frá dagsetningu álagningar.

5. gr.

Séu gjöldin greidd innan 14 daga frá álagningu gilda ofangreindar fjárhæðir, en hækka eftir það um 50%, sbr. 5. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Sé gjald enn ógreitt þegar 28 dagar eru liðnir frá álagningu, hækkar það um 100% frá upphaflegu gjaldi, án tillits til undangenginnar 50% hækkunar eftir 14 daga, sbr. 6. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem bæjarstjórn Kópavogsbæjar hefur samþykkt staðfestist hér með samkvæmt 5. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 með síðari breytingum og reglum nr. 104/1988 með síðari breytingum. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um gjaldskrá vegna stöðvunarbrota í Kópavogsbæ nr. 960/2018.

Innviðaráðuneytinu, 3. febrúar 2023.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.